

Fimmtudaginn 30. apríl 1998.

Nr. 348/1997. **Tryggingastofnun ríkisins**
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)
gegn
Vilhelm H. Lúðvíkssyni
(Tryggvi Gunnarsson hrl.)
og gagnsök

Lyfjaverð. Stjórnvaldsákvörðun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. ágúst 1997. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst aðaláfrýjandi lækkunar á dæmdum fjárhæðum og niðurfellingar á málskostnaði.

Málinu var gagnáfrýjað með stefnu 7. október 1997. Gagnáfrýjandi krefst þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða 2.242.092 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af nánar greindum fjárhæðum frá 16. mars 1990 til greiðsludags. Til vara og þrautavara krefst gagnáfrýjandi sömu greiðslu „með hæstu vöxtum af óbundnum innlánsreikningum samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands“ eða vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga, hvort tveggja af nánar greindum fjárhæðum, frá 16. mars 1990 til 29. júní 1994, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Gagnáfrýjandi krefst í öllum tilvikum málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Með dómi Hæstaréttar 30. janúar 1997, bls. 350 í dómasafni, var því slegið föstu, að hvorki í 34. gr. lyfjalaga nr. 108/1984 né í öðrum lagaákvæðum hefði verið að finna heimild fyrir lyfjaverðlagsnefnd til að mæla fyrir um skerðingu á endurgreiðslu Tryggingastofnunar ríkisins til tiltekinna lyfjaverslana miðað við veltu þeirra. Var þannig á því byggt, að ákvarðanir lyfjaverðlagsnefndar 27. janúar og 14. september 1990 um það efni hefði

skort lagastoð og aðaláfrýjanda því ekki verið heimilt að skerða endurgreiðslur til þess lyfsala, er þar átti hlut að máli. Hann hafði ekki veitt hinum umdeildu ákvörðunum nefndarinnar samþykki fyrir sitt leyti, og þær voru ekki taldar bindandi fyrir hann vegna þess eins, að þær hefðu verið teknar með samþykki fulltrúa lyfsala í nefndinni. Við úrlausn þessa máls verður að leggja þennan dóm Hæstaréttar til grundvallar.

Af hálfu gagnáfrýjanda og tveggja annarra lyfsala beindi lögmaður þeirri fyrirspurn til formanns lyfjaverðlagsnefndar 29. nóvember 1990, hvar væri að finna heimildir til ákvarðana nefndarinnar um afslátt af lyfjareikningum, og lét lögmaðurinn jafnframt í ljós það álit, að hann teldi þær bresta lagastoð. Gagnáfrýjandi hafðist ekki frekar að, og er ósannað, að hann hafi utan einu sinni gert fyrirvara um lögmæti ákvarðana lyfjaverðlagsnefndar, þegar hann tók við greiðslu reikninga til aðaláfrýjanda, sem sættu frádrætti samkvæmt þessum ákvörðunum. Á lyfjareikning 20. apríl 1993 ritaði gagnáfrýjandi undir eftirfarandi áletrun: „Ítreka mótmæli við sjálfteknum afslætti Tr. r., sérstaklega núverandi hækkun á honum.“ Gegn neitun aðaláfrýjanda og framburði starfsmanna hans fyrir héraðsdómi er ekki unnt að miða við, að gagnáfrýjandi hafi komið frekari andmælum á framfæri við aðaláfrýjanda. Það var svo ekki fyrr en með bréfi lögmanns gagnáfrýjanda til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins 19. apríl 1994, að fram var sett krafa um endurgreiðslu þess afsláttar, sem aðaláfrýjandi hafði haldið eftir af lyfjareikningum gagnáfrýjanda.

Ákvarðanir lyfjaverðlagsnefndar voru samkvæmt framangreindum dómi Hæstaréttar ólögmætar. Hefur gagnáfrýjandi því ekki glatað rétti til að fá fulla greiðslu lyfjareikninga sinna, þótt hann hafi ekki haft uppi sérstaka fyrirvara við móttöku hvernar greiðslu. Hann samþykkti ekki ákvarðanir nefndarinnar, og urðu þær ekki bindandi fyrir hann vegna samþykkis fulltrúa lyfsala í lyfjaverðlagsnefnd. Verður þannig fallist á kröfu hans um greiðslu á 2.242.092 krónum, en um fjárhæðina er ekki tölulegur ágreiningur. Kemur ekki til álita sú málástæða aðaláfrýjanda, að krafa gagnáfrýjanda sé að hluta fyrnd, enda verður ekki séð, að hún hafi verið höfð uppi í héraði, sbr. 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og 17. gr. laga nr. 38/1994. Hins vegar verður að líta svo á, að

aðgerðaleysi gagnáfrýjanda leiði til þess, að gjalddagi þessa hluta kröfu hans verði við úrlausn málsins talinn á þeim tíma, er mánuður var liðinn frá kröfubréfinu 19. apríl 1994. Verður krafa gagnáfrýjanda því látin bera dráttarvexti frá 19. maí 1994 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi skal greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðinn er í dómsorðinu í einu lagi.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Tryggingastofnun ríkisins, greiði gagnáfrýjanda, Vilhelm H. Lúðvíkssyni, 2.242.092 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 19. maí 1994 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 400.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. júní 1997.

Ár 1997, miðvikudag 11. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í máli nr. E-5721/1994: Vilhelm H. Lúðvíksson gegn Tryggingastofnun ríkisins.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. maí sl., er höfðað með stefnu, út gefinni 24. júní 1994 og birtri 30. júní sama ár.

Stefnandi er Vilhelm H. Lúðvíksson f. h. einkafirma síns, Laugarnes-apóteks, kt. 420269-3319, Kirkjuteigi 21, Reykjavík.

Stefndi er Tryggingastofnun ríkisins, kt. 660269-2669, Laugavegi 116, Reykjavík.

Málsóknin beindist í upphafi einnig gegn heilbrigðis- og tryggingaráðherra vegna íslenska ríkisins og lyfjaverðlagsnefnd, en stefnandi féll frá öllum kröfum á hendur þeim.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 2.242.092 kr. [með nánar tilgreindum dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum af ...].

Þá er þess krafist, að dráttarvextir verði höfuðstólsfærðir á tólf mánaða fresti skv. 12. gr. vaxtalaga, í fyrsta sinn 16. 3. 1991.

Þess er einnig krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað skv. málskostnaðarreikningi, sem lagður var fram við aðalmeðferð málsins. Þess er krafist, að við ákvörðun á fjárhæð málskostnaðar

verði tekið tillit til skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og honum tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara gerir stefndi kröfu um stórfellda lækkun á dómkröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

— — —

[Sjá héraðsdóm í hæstaréttarmálinu nr. 347/1997 hér að framan, bls. 1664–1676.]

Stefnandi gaf skýrslu fyrir dómi og hélt því fram, að hann hefði gert skriflega fyrirvara, er hann tók við greiðslum frá stefnanda. Starfsmenn stefnanda, Ingibjörg Guðjónsdóttir, kt. 011147-4539, deildarstjóri, og Kristján Guðjónsson, kt. 290252-4829, aðaldeildarstjóri, komu fyrir dóm og könnuðust ekki við að hafa fundið gögn í fórum stefnda, er styddu þessar fullyrðingar stefnanda.

Lagt hefur verið fram í málinu bréf stefnanda og lyfsalanna Ingólfs Lillindahl og Ívars Daníelssonar til Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, dagsett 26. október 1990, þar sem þess er farið á leit, að lögmaðurinn kanni „lögmæti þess, hvort afsláttur sá, er okkur hefur verið gert að greiða Tryggingastofnun ríkisins, fái staðist íslensk lög“. Í bréfi lögmannsins til Guðmundar Sigurðssonar, formanns lyfjaverðlagsnefndar, dagsettu 29. nóvember 1990, er lýst efasemdum um, að þessar ráðstafanir eigi sér lagastoð.

Forsendur og niðurstaða.

Með áðurgreindum dómi Hæstaréttar Íslands var komist að þeirri niðurstöðu, að í 34. gr. lyfjalaga eða öðrum lagaákvæðum væri enga heimild að finna fyrir lyfjaverðlagsnefnd til að ákveða mismun á smásöluálagningu lyfja eftir því, hvaða lyfsali krefði Tryggingastofnun ríkisins um greiðslu hlutdeildar hennar í söluverði lyfja. Mál þetta snýst um sama sakarefni og leyst var úr í dómi Hæstaréttar, en aðstaða aðila er að því leyti frábrugðin, að í máli þessu er ágreiningur um, hvort stefnandi hafi gert fyrirvara, er hann tók við greiðslum frá stefnda, en í hæstaréttarmálinu var ágreiningslaust, að áfrýjandi gerði fyrirvara um lögmæti ákvarðana lyfjaverðlagsnefndar hverju sinni, er hann tók við greiðslu.

Telja verður, að stefnanda hafi ekki tekist að sýna fram á, að hann hafi gert fyrirvara, er hann tók við greiðslu frá stefnda. Hins vegar er ljóst, að stefnandi hefur ekki veitt hinum umdeildu ákvörðunum nefndarinnar samþykki fyrir sitt leyti, og þegar árið 1990 lýsti lögmaður stefnanda yfir efa-

semdum um lögmæti umræddra ákvarðana í bréfi til formanns lyfjaverðlagsnefndar.

Í umræddu hæstaréttarmáli var skírskotað til þess, að ákvörðun lyfjaverðlagsnefndar skorti lagastoð, og þar sem áfrýjandi veitti hinum umdeildu ákvörðunum nefndarinnar ekki samþykki fyrir sitt leyti og þær urðu ekki bindandi fyrir hann vegna þess eins, að þær voru teknar með samþykki fulltrúa lyfsala í nefndinni, var af þessum ástæðum fallist á kröfu áfrýjanda um greiðslu á tiltekinni fjárhæð. Ekki verður ráðið af dóminum, að fyrirvarar þeir, er áfrýjandi gerði, hafi leitt til þessarar niðurstöðu, en hins vegar er niðurstaða réttarins um dráttarvexti reist á fyrirvörunum.

Með hliðsjón af framangreindri niðurstöðu Hæstaréttar Íslands í sambærilegu sakarefni og þar sem ekki verður talið, að stefnandi hafi með því að gera ekki fyrirvara glatað rétti sínum til endurheimtu fjármuna, sem með ólögmætum hætti var haldið frá honum, verður fallist á kröfu stefnanda um greiðslu á 2.242.092 krónum, en ekki er tölulegur ágreiningur um fjárhæð.

Með vísan til 4. mgr. 9. gr. vaxtalaga og þar sem stefnandi gerði ekki fyrirvara, er hann tók við greiðslum frá stefnda, þykir mega ákveða, að krafa stefnanda beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla sömu laga frá þingfestingardeggi 30. júní 1994.

Eftir þessum úrslitum verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 250.000 krónur, og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Tryggingastofnun ríkisins, greiði stefnanda, Vilhelm H. Lúðvíkssyni f. h. einkafirma síns, Laugarnesapóteks, 2.242.092 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 30. júní 1994 til greiðsludags og 250.000 krónur í málskostnað.
